

Kvennalisti og varapíngmenn:

Mbl. 8. II. 188

Reglur þeirra samræm- ast ekki þingsköum

— segir Guðrún Helgadóttir, forseti sameinaðs þings

Á LANDSFUNDI Samtaka um Kvennalista um helgina var lögð á það áhersla að allar konur á listum kjörinna fulltrúa á Alþingi séu varapíngkonur. Ákveðið verði á hverju hausti hverjar taki sæti kjörinna þingkvenna, sem vilki af þingi í að minnsta kosti hálfan

mánuð á hverju ári. Guðrún Helgadóttir, forseti sameinaðs þings, segir að Kvennalistakonur geti samþykkt hvað sem er, en betta mundi stangast á við lög um þingsköp og kosningalöggin.

Guðrún sagði, að það væru ljós ákvæði í lögum um þingsköp um

skyldur þingmanna. „Þingmönnum ber að sækja alla þingfundir nema nauðsyn banni. Þá er tekið fram að þingfararkaup sé því aðeins greitt varamanni að fjarvistir séu vegna veikinda eða embættisstarfa á vegum þingsins. Að auki geta alltaf komið einhver tilvilk sem forsetar verða að meta. Forsetar þingsins eru sammála um að reyna að draga úr fjölda varapíngmannna á hverju þingi.“

Guðrún sagði að ef forsetar teldu forföll ekki lögmað, en flokkur sæktil samt sem áður fast eftir því að koma inn varamanni, myndu forsetar trúlega bera málid undir þingheimi í atkvæðagreiðslu.

Á blaðamannafundi sem Kvennalistakonur boðuðu til í gær sögðu þær að þar sem þetta hefði viðgengist hjá þeim hingað til sæju þær ekki hvers vegna svo gæti ekki verið áfram. Ekki væri um neina breytingu á þeirra vinnubrögðum að ræða, og á landsfundinum hafi aðeins verið strekað hvernig að þessu skuli staðið í framtíðinni. Töldu þær viðbrögð Guðrúnar Helgadóttur óskiljanleg með öllu. Ef koma ætti í veg fyrir þessa starfshætti Kvennalistsans þá yrði að gera breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, en Guðrún Helgadóttir gerði það ekki ein og sér, þar sem hún væri ekki einræðisherra á Alþingi.

Sjá frétt á bls. 21 um fjarvistir þingmanna, forystugrein í miðopnu og fréttir af landsfundi Kvennalista á bls. 29.

ér við biskupskjör

bess að þeir sem hafa beðið mig um það gera það vegna sameiginlegs áhuga okkar á ákvæðnum kirkjulegum málefnum. Má þar nefna stöðu kirkjunnar í okkar nútíma þjóðfélagi. Einnig hef ég mikinn áhuga á að bæta aðstöðu prestastéttarinnar.“

Séra Jón Bjarman sagði: „Ég hef gefið leyfi til að nafn mitt verði nefnt við væntanlegt biskupskjör. Geri ég það vegna áskorana og tilmæla frá starfsbræðrum mínum.“

Biskupskosning er skrifleg og leynileg. Kjörgengir eru allir guðfræðingar sem fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir prestar í þjóðkirkjunni.

Kosningarétt eiga allir þjónandi prestar og prófastar í þjóðkirkjunni, þar á meðal afleysingaprestar, æskulýðsfulltrúi, sjúkrahúsprestar, fangaprestur og prestur Íslendinga í Kaupmannahöfn, svo og þjónandi víglubiskupar og

biskup, guðfræðimenntaðir kennarar guðfræðideildar í föstum embaettum eða störfum, biskupssritari og prestvígðir menn sem kirkjuráð ræður til starfa hjá þjóðkirkjunni. Kosningarétt eiga einnig kjörnir leikmenn, sem sæti eiga á kirkjuþingi og kirkjuráði. Ennfremur einn leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi, nema tveir frá Reykjavíkurþrófastsdæmi.

Biskupskjör fer fram í tveimur umferðum ef enginn fær meirihluta atkvæða við fyrri atkvæðagreiðsluna. Við fyrri umferðina eru í kjöri allir þeir prestar og guðfræðingar sem kjörgengir eru. Réttkjörinn er så biskup sem fær meirihluta greiddra atkvæða í fyrri umferðinni. Ef enginn fær þann atkvæðafjöldi í fyrri umferð er kosið að nýju á milli þeirra þriggja sem flest atkvæði fengu og er så réttkjörinn sem flest atkvæði fær úr seinni umferðinni.